

Alþingi 11.4.2016

Málar: 1603135
Málalykill: 0.34.2

Nefndasvið Alþingis
Alþsherjar- menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Umsögn v/frumvarps til laga um dómstóla.
Þingskjal 1017 – 615. mál.

Samkvæmt 1. gr. framvarpsins er gert ráð fyrir að Hæstiréttur Íslands verði æðsti dómstóll ríkisins.

Nú er það svo að fyrrverandi hæstaréttardómari, Jón Steinar Gunnlaugsson, hefur ítrekað bent á að í Hæstarétti sitji maður sem hefur gerst brotlegur við bæði lög og stjórnarskrá.

Engin viðbrögð hafa komið fram vegna þessara ábendinga, hvorki frá ráðherra dómsmála né Hæstarétti og þar á bæ virðast menn telja það hið besta mál að hafa brotamann í sínum röðum.

Er það vel til þess fallið að efla traust almennings á Hæstarétti Íslands?

Hér reynir á Alþingi. Mun Alþingi leggja blessun sína yfir það að í Hæstarétti Íslands sitji maður sem gerst hefur brotlegur við lög og stjórnarskrá? Eða mun Alþingi grípa í taumana, leggja niður núverandi Hæstarétt með einfaldri lagabreytingu og stofna nýjan „Æðstarétt“ og skipun nýrra dómara yrði svo fyrst og síðast í höndum Alþingis.

Trúlega er nauðsynlegt að leita erlendis eftir dómurum í hinn nýja „Æðstarétt“ til þess að komast útúr klíkuskapnum og þannig takist að byggja upp heilbriggt dómskerfi þar sem virðing fyrir lögum og stjórnarskrá er höfð í fyrirrúmi og klíkuskap útrýmt.

Það er jú Alþingis að ákveða skipun dómsvaldsins með lögum og þar mega fingraför dómara hvergi sjást.

Björn Bjarnason, fyrrverandi dómsmálaráðherra, hefur og haft á orði að val dómara í Hæstarétt uppá síðkastið beri öll einkenni innræktunar og bjóði því uppá úrkynjun.

Yfir þjóðinni vofir því mikill háski og stefnir í algjört réttaróryggi landsmanna ef ekki verður við brugðist af festu - og það fyrr en síðar.

Í núgildandi lögum um dómstóla sem og í stjórnarskrá, er skýrt kveðið á um að við úrlausn mála fari dómarar *eingöngu* eftir lögum.

Þrátt fyrir þetta, hefur núverandi formaður dómstólaráðs stigið fram og talað um að viðhorf almennings hafi áhrif á dómara og að það sé mjög eðlilegt að dómarar endurspegli samfélagsvitundina!

Dómari þessi hefur verið kallaður til að dæma í Hæstarétti og ekki eykur það á virðingu Hæstaréttar og við blasir, að algjör vöntun er á raunverulegu aðhaldi og eftirliti með því að dómarar virði lög og stjórnarskrá.

Að undanfögnu hefur verið rætt um nauðsyn þess að hafa virkt eftirlit með störfum lögreglumanna, en á sama tíma eru borgarar þessa lands algerlega berskjaldaðir gagnvart dómum frá hendi dómara sem telja sig eiga að endurspegla eitthvert viðhorf almennings frá degi til dags!

9. og 10. gr. frumvarpsins fjallar um nefnd um dómarastörf og er gert ráð fyrir að Dómstólasýslan skipi þrjá menn í nefnd þessa.

Dómstólasýslan skal svo að meirihluta skipuð dómurum og því ljóst að nefnd þessi verður alfarið undir hæl dómara eins og verið hefur.

Nefnd þessi á m.a. að setja reglur um aukastörf dómara en að undanfögnu hefur það tíðkast að dómarar sitji í hinum og þessum nefndum, séu starfsmenn nefnda, og taki að sér kennslu svo það helsta sér nefnt.

Svo kvarta dómarar hástöfum yfir miklu starfsálagi hjá dómstólunum þegar þeir eru meira og minna uppteknir við að sinna öðrum störfum!

Hér þarf Alþingi að bregðast ákveðið við og taka fyrir það í eitt skipti fyrir öll að dómarar séu að vasast í öðrum störfum, slíkt býður uppá endalausa hagsmunarárekstra og á einfaldlega ekki að þekkjast í nútíma réttarríki.

Margoft hefur verið bent á það hversu galið fyrirkomulag það sé að láta dómara sitja niður í Alþingi að semja lagafrumvörp fyrir alþingismenn, sbr. ráðgjafana í Réttarfarsnefnd.

Með þessu er Alþingi í reynd að setja lagasetningarvald sitt að svo og svo miklu leyti í hendur dómara, og það skelfilega er að allavega sumum dómurum, finnst það eðlilegt mál að sitja niður í Alþingi og semja lagafrumvörp og heimta svo að þau fari í gegnum þingið óbreytt.

Afleiðingin af þessu ráðslagi er m.a. sú, að í Hæstarétti sitja dómarar sem hafa samið einhver ókjör af lagafrumvörpum og dæma svo blákalt eftir lögum sem þeir hafa sjálfir samið!

Það er því ekki að undra að fyrrverandi hæstaréttardómari hafi ítrekað orðað það svo: „Við teljum okkur búa í réttarríki“!

Við smíði á lagafrumvarpi um svonefnda Endurupptökunefnd á 141. Löggjafarþingi þá naut Alþingi aðstoðar Réttarfarsnefndar, en starfsmaður hennar síðan 1997 og formaður hennar sitja báðir í Hæstarétti.

Báðum hefur verið hælt í hástert fyrir yfirburðapekkingu í lögum.

Engu að síður, þá varð til lagafrumvarp undir þeirra handleiðslu sem gengur gegn stjórnarskrá Íslands og það var svo samþykkt samhljóða í Alþingi, enda voru yfirsmiðirnir tveir Hæstaréttardómarar!

Alþingi var m.ö.o. haft að fífla sem og þjóðin öll því málið var kynnt sem mikilvæg réttarbót.

Í Reykjavíkurbréfi MBL 4. mars s.l. var m.a. spurt að því „hvort ráðgjafar á þingi eða í ráðuneyti hefðu ekki reynt að koma í veg fyrir að þingmenn gerðu sig að kjánum.“

Í MBL 25. sept. 2015 var haft eftir Skúla Magnússyni dómara og formanni Dómarafélags Íslands að endurupptökunefnd hafi fengið of mikil völd í hendur!

Þegar svo Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að valdheimildir nefndarinnar sem kveðið er á um í lögum eigi sér ekki stoð í stjórnarskrá, þá segir þessi sami Skúli Magnússon í MBL 26. feb. s.l., að sú niðurstaða komi honum ekki á óvart.... og segir jafnframt að ekki hafi verið nægilega vandað til lagasetningarinnar!

Hvað segja yfirsmiðirnir í Hæstarétti við því?

Og hefur þá Alþingi brugðist við þessum vanskapnaði og felld þetta úr gildi?

Þessi bitra lexía verður vonandi til þess, að Alþingi taki fyrir það í eitt skipti fyrir öll að hafa dómara í sinni þjónustu til að berja saman einhvern óskapnað í formi lagafrumvarpa, óskapnað sem stenst jafnvel ekki stjórnarskrá!

Alþingi verður að koma sér upp teymi lögfræðinga til aðstoðar við smíði á lagafrumvörpum, lögfræðinga sem eru algerlega ótengdir dómurum og til að byrja með væri hollt og gott að leita aðstoðar erlendis frá.

Eðli máls samkvæmt má aldrei að hleypa dómurum inn í Alþingi nema undir eftirliti.

Þá þarf Alþingi að tryggja það sem best með lögum, að dómarar sinni starfi sínu óskiptir m.a. með því að fortaka það að þeir séu að vasast í alls konar aukastörfum.

Við skoðun á frumvarpi þessu er ljóst að það miðar fyrst og fremst að því að viðhalda óbreyttu ástandi í Hæstarétti, ástandi sem því miður er orðið litað af innræktun og úrkynjun, sbr. ábendingar Björns Bjarnasonar fyrrverandi dómsmálaráðherra.

Alþingi þarf því að endurbæta frumvarp þetta verulega, leita aðstoðar erlendis frá og frábiðja sér aðstoð innlendra dómara og aftaníossa þeirra.

Aftur og aftur hafa Íslendingar mátt leita til erlendra dómstóla þegar brotið hefur verið á mönnum hér varðandi það að fá réttláta og eðlilega málsmeðferð.

Aldrei má hvika frá því markmiði að Íslendingar geti sagt fullum fetum: Við búum í réttarríki - ekki - við *teljum* okkur búa í réttarríki.

Hér reynir á Alþingi, því skylda Alþingis er að koma á skipun dómsvaldsins með lögum, og tryggja það eftir föngum að dómara geti ekki misbeitt valdi sínu gróflega án þess að bera nokkra ábyrgð á gjörðum sínum.

Er það merki um heilbrigt dómskerfi, þegar lögmenn tala um það í hálfum hljóðum sín á milli á fimmtudögum að nú sé lottódagur í Hæstarétti?

Raunverulegt aðhald og eftirlit með störfum dómara er því miður orðið mjög aðkallandi og Alþingi verður að bregðast við og það skjótt.

Hf. 10. apríl 2016

Virðingarfyllst,


Kristleifur Indriðason.